

ársvöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, en eftir atvikum virðist rétt að málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi alþingismaður Jón Jónsson frá Múla greiði áfrýjanda firmanu Chr. Nielsen í Kaupmannahöfn 2258 kr. 79 a. með 6 0/0 ársvöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags.

Málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 22. febrúarmán.

Nr. 52/1908: Oddur Gíslason fyrir hönd
 bæjarstjórnar Reykjavíkur
 gegn
 hreppsnefnd Seltjarnarnesshrepps.

D ó m u r:

Fyrir fardagaárið 1907—1908 lagði hreppsnefnd Seltjarnarnesshrepps aukaútsvar á Reykjavíkurbæ, að upphæð kr. 209,67, og var útsvar þetta lagt á bæinn fyrir Elliðaár, eins og segir í útsvarsseðli þeim, dags. 1. des.

1907, er hreppsnefndin sendi bæjarstjórn Reykjavíkur en bærinn er nú eigandi Elliðaánna og þær liggja innan Seltjarnarneshrepps. Með bréfi dags. 3. janúar 1908 skýrði bæjarfógeti Reykjavíkur í umboði bæjarstjórnarinnar hreppsnefndinni frá því, að bæjarstjórnin teldi óskýlt að greiða útsvar þetta. Beiddist þá hreppsnefndin þess 13. ágúst 1908, að útsvarið yrði tekið lögtaki hjá Reykjavíkurbæ, og eftir að hinn reglulegi fógeti, bæjarfógeti Halldór Danielsson, hafði vikið sæti í lögtaksmálinu, var hinn 23. október 1908 kveðinn upp úrskurður í því í fógetarétti Reykjavíkur af setufógeta, skrifstofustjóra Jóni Hermannssyni, þess efnis, að hið umbeðna lögtak skyldi fram fara.

Úrskurði þessum hefir yfirréttarmálaflutningsmaður Oddur Gíslason skotið til yfirdómsins fyrir hönd bæjarstjórnarinnar, með stefnu dags. 30. okt. 1908, og hefir fyrir yfirdómi verið krafist þess af hálfu bæjarstjórnarinnar, að hinn áfrýjandi lögtaksúrskurður verði úr gildi feldur, aukaútsvarið og beiðni um lögtak á því dæmd ómerk, og að stefndi verði dæmdur í málskostnað. Hin stefnda hreppsnefnd, sem hefir fengið gjafnvörn í málinu og sér skipaðan talsmann, hefir af sinni hálfu krafist þess, að úrskurðurinn verði staðfestur, og að áfrýjandi verði dæmdur til þess að greiða henni málskostnað, eins og málið hefði eigi verið gjafvarnarmál.

Af hálfu áfrýjanda, bæjarstjórnar Reykjavíkur, er því haldið fram, að hreppsnefndin hafi alls eigi tekið það fram, á hvaða afnot Elliðaánna aukaútsvarið væri lagt, því að útsvarsseðillinn 1. desbr. 1907 sagði að eins, að það væri fyrir Elliðaár. En þótt hreppsnefndin ætti hér við laxveiðiafnot bæjarins af ánum, þá telur áfrýjandi

útsvarið alt að einu lögleysu, því að útsvar verði samkvæmt gildandi löggjöf einungis lagt á persónur (þ: fýsiskar persónur), nema sérstök heimild sé til annars í löggjöf-
inni, og verði því eigi lagt aukaútsvar á bæjar- eða sveitarfélög sem slík eða gjaldstofna þeirra. Auk þess heldur áfrýjandi því fram, að þótt lög heimiluðu að leggja aukútsvör á bæjar- eða sveitarfélög eða gjaldstofna þeirra, þá hafi afnot Reykjavíkurbæjar af Elliðaánum síðan bærinn eignaðist þær, eigi verið þess eðlis, að aukaútsvar yrði lagt á bæinn fyrir þau, því að lög nr. 43 10. nóvbr. 1905, sem áfrýjandi hefir sérstaklega vitnað til, heimili einungis að leggja aukaútsvar á bein afnot laxveiðinnar, en slík bein afnot hafi bærinn eigi haft af veiðinni í ánum.

Hin stefnda hreppsnefnd hefir af sinni hálfu haldið því fram, að umrætt aukaútsvar sé lagt á arð og afnot bæjarins af ánum, hverju nafni sem nefnist, að Reykjavíkurbæ beri í þessu máli að skoða sem hvern einstakan mann, sem eigi eignir og hafi arð af þeim, enda engan veginn útilokað að leggja aukaútsvar á aðra en (fýsiskar) persónur, t. d. félög (juridiskar persónur), að það skifti engu í þessu máli, þótt bærinn hafi leigt árnar, því hann fái arð þeirra (leiguna) samt sem áður, og að þar sem sveitarstjórnarlög (nr. 43) 10. nóvbr. 1905, 36. gr., leyfi að leggja aukaútsvar á laxveiðiafnot utanhreppsmanna, þá verði þau orð eigi skilin öðruvísi en svo sem þar stæði, að jafna mætti útsvari á utanhreppsmenn fyrir laxveiðiafnot, sem þeir eiga í hreppnum.

Það að aukaútsvarið er lagt á Reykjavíkurbæ fyrir Elliðaár verður nú ekki skilið öðruvísi en svo, að útsvarið sé lagt á öll þau afnot og arð, sem bærinn hafi af

ánum, enda verður ekki betur séð af máls skjölunum, en að bæjarstjórnin sjálf hafi skilið það svo, og verður því eigi fallist á þær mótbáru, sem áfryjandi hefir byggt á því atriði, að ekki væri nógu skýrt tekið fram, á hvað útsvarið væri lagt. Sú mótbára áfryjanda, að ekki sé löglegt að leggja aukútsvar á bæjar- eða sveitarfélög sem slík eða gjaldstofna þeirra, verður eigi heldur tekin til greina, því að það gerir engan mun í því efni sem hér um ræðir, hvort einstakur maður eða félög nota eignir í öðrum hreppum, eða reka atvinnu þar, ef afnot eignanna eru svo löguð, eða atvinna sú, er rekin er, að útsvar verði lagt á þau. Það verður því í þessu máli einungis spurning um það, hvort telja megi að afnot Reykjavíkurbæjar af Elliðaánum hafi verið þannig löguð, að heimilt hafi verið að leggja aukaútsvar á einstaklinga eða félög, sem slík afnot hafi haft af ánum.

Það er upplýst í málinu, að Reykjavíkurbær seldi með samningi 31. ágúst 1907 Englendingi nokkrum öll veiðiafnot ána á leigu ásamt húsum þeim, sem bærinn á við árnar og innanstokksmunum í þeim til einkaafnota um 3 mánuði (júní, júlí og ágúst) árin 1908 og 1909, eða þá 3 mánuði ársins, er laxveiði er heimil í ánum, sbr. lög 19. febr. 1886, 1. gr. og reglugjörð fyrir Kjósar- og Gullbringusýslu, fyrir 400 L. sterl. eða nál. 7200 kr. hvort ár. Átti leigan fyrir fyrra árið að gjaldast við undirskrift samningsins 31. ágúst 1907, en fyrir síðara árið fyrir 31. ágúst 1908. Önnur veiðiafnot — en um annars konar arð af ánum er ekki upplýst í þessu máli — hefi bærinn ekki haft af ánum svo að teljandi sé, eftir því sem ráðið verður af skjölum málsins. Bærinn hefir því enga atvinnu rekið fyrir eigin reikning í eða með

Ellíðaám síðan hann eignaðist þær, heldur einungis selt veiðiafnot þeirra með húsum á leigu ákveðinn tíma ársins.

Samkvæmt lögum nr. 43 10. nóv. 1905, 36. gr. 1^o og 3^o má eigi leggja aukaútsvar á aðra en þá, sem eiga lögheimili í hreppnum eða hafa þar fast aðsetur að minsta kosti 4 mánuði, og fastar verzlánir og aðrar arðsamar stofnanir og fyrirtæki í hreppnum, er séu rekin að minsta kosti 4 mánuði af gjaldárinu, þótt eigendur þeirra hafi eigi haft þar fast aðsetur, svo og kaup- og pöntunarfélög, sem leyst hafa borgarabréf, hafa sölubúð og vörur til sölu. Það er þegar ljóst, að samkvæmt þessum ákvæðum verður ekki lagt aukaútsvar á Reykjavík sem eiganda Ellíðaánna, því að bærinn hefir engin þau afnot haft af ánum, sem fallið geti undir þessi fyrirmæli laganna. Það verður því spurningin um lögmati útsvarsins samkvæmt 36. gr. 2^o, en þar er heimilað að leggja aukaútsvar á hvalveiði og síldarveiði með nótt, svo og laxveiðiafnot utanhreppsmanna, þótt fyrirtæki þessi eða atvinna sé rekin styttri tíma en 4 mánuði af gjaldárinu, svo og á ábúð á jörð eða jarðarhluta og leiguliðaafnot á jörðu, þótt rekin sé skemur en 4 mánuði af gjaldárinu og þótt leiguliði eða notandi eigi heimili annarsstaðar. Það yrði aðallega spurningin, hvort afnot bæjarins af ánum yrði heimfærð undir laxveiðiafnot utanhreppsmanna. Það sést glögt að 36. gr. 2^o gjörir ráð fyrir því, að slík afnot séu höfð að atvinnu eða rekin sem fyrirtæki, hvort heldur er til arðs eða skemtunar. Það virðist og að einungis sé átt við þá sem atvinnuna stunda eða láta stunda eða reka fyrirtækið, en eigi við þá, sem láta í té þau gögn eða hluti, sem fyrirtækið og atvinnan er rekin með eða í. Þetta verður enn ljósara þegar litið er tll ákvæðisins um ábúð og

leiguliðaafnot jarða í 36. gr. 2^o. Engum kemur til hugar að leggja aukaútsvar á utanhrepps búsettan jarð- eða fasteignareiganda, þótt hann leigi öðrum jörð sína eða fasteign til afnota, heldur á leigjanda eða notanda. Og Reykjavíkurbær er í raun réttri í hérumræddu efni öldungis eins og hver annar fasteignareigandi, búsettur utan þess hrepps, þar sem fasteignin liggur. Elliðaárnar eru fasteign, sem bærinn er eigandi að og hefir selt á leigu nokkurn hluta ársins, án þess að hafa sjálfur nokkur önnur afnot eignar sinnar, sem á nokkurn hátt geti heimilað útsvarsskyldu gagnvart honum.

Af þessari ástæðu, sem hér hefir síðast verið talin, verður að líta svo á, sem hreppsnefnd Seltjarnarnesshrepps hafi brostið heimild til að leggja aukaútsvar á Reykjavíkurbæ fyrir afnot hans af Elliðaám, og ber því að taka kröfu áfryjanda þessa máls til greina, að því er snertir ógilding hins áfryjaða fógetaúrskurðar, og ber því að ónýta hann að öllu leyti, og eftir ástæðum virðist rétt að málskostnaður falli niður, en að hinum skipaða talsmanni hinnar stefndu hreppsnefndar, Eggert yfirréttarmálaflutningsmanni Claessen, séu ákveðnar í málaflutningslaun fyrir yfirdómi 20 kr., er greiðist af almannafé.

Það vottast, að því leyti sem málið hefir verið gjafvarnarmál, að flutningur þess fyrir yfirdómi hefir verið lögmætur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfryjaði fógetaréttar úrskurður á að vera ógildur. Málskostnaður falli niður. Hinum skipaða

málaflutningsmanni hreppsnefndarinnar, Eggert yfir-
réttarmálaflutningsmanni Claessen, greiðist úr land-
sjóði málaflutningslaun fyrir yfirdómi 20 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirt-
ingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 1. marzmán.

Nr. 2/1909:

Emil Strand

gegn

Einari M. Jónassyni

fyrir hönd Ólafs Theodorssonar.

D ó m u r:

Samkvæmt áfrýjunarstefnu dags. 2. f. m. átti að taka
mál þetta fyrir í yfirdóminum 22. f. mán., en áfrýjandi
mætti þá ekki og enginn af hans hendi. Hins vegar
mætti stefndi þennan dag samkvæmt stefnunni og krafð-
ist kosts og tæringar hjá áfrýjanda. Þessa kröfu ber að
taka til greina og dæma áfrýjanda samkvæmt N L 1—4
—34 til að greiða stefnda í þessu skyni 6 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandinn Emil Strand greiði stefnda Einari M.
Jónassyni málaflutningsmanni fyrir hönd Ólafs
Theodorssonar 6 kr., er lúkist innan 8 vikna frá
lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri lagaadför.